



Skýrsla sveitarstjóra. Byrjun árs 2020

Árið sem var að kveðja var á margan hátt ágætt. Það má ef til vill segja að það sé árið sem umsvif í byggingu íbúðarhúsnæðis tók verulegan kipp. Árið sem samningar náðust um land undir framkvæmdir í Reykholti í Þjórsárdal. Árið sem unnið var að friðlýsingum á landsvæði í Þjórsárdal og margt fleira má telja.

Áður hefur verið farið yfir þær framkvæmdir sem staðið hefur verið að á árinu sem var að líða, og eru þær umtalsverðar. Eins og fram hefur komið hefur borið á mikilli gagnrýni vegna gatnagerðargjalda sem lögð voru á eigendur fasteigna í þéttbýliskjörnunum. Lögð hefur verið fram stjórnsýslukæra af því tilefni. Það er ekkert annað að gera en bíða niðurstöðu í þeim efnum. Nokkrir hafa þó greitt og samið um greiðslur gjaldsins, en fólk hefur árið 2020 til þess.

Ég legg áherslu á að vera í samskiptum við íbúa og ekki síður þá sem er í atvinnurekstri. Á fyrstu tveimur árunum mínu heimsótti ég flest öll fyrirtæki í hreppnum. Það hefur ekki verið gert reglulega síðan. Það verður bætt úr því og er stefnt að því að heimskæla sem allra flest fyrirtæki í sveitarfélaginu fyrir vorið. Fimmtudag 23. janúar ætlum við Skafti að heimsækja nýjan hóteltjóra á Hótel Heklu og Báru í Álfröð.

Fundur var haldinn 21. Janúar að framkvæði oddvita og sveitarstjóra með hagaðilum í Þjórsárdal. Tilefnið var viðra hugmyndir um staðsetningu á miðstöð sem þar mun væntanlega verða byggð af Rauðakambi ehf og er horft til þess að aðrir hagaðilar í Þjórsárdal fái möguleika á að koma þar að. Margt bendir til að Sandártunga verði fyrir valinu. 13 manns mættu á fundinn og voru umræður góðar.

Stutt er í að friðlýsing í Þjórsárdal taki gildi og er stefnt að því að undirskrift fari fram, mögulega fyrir næstu mánaðamót. Allavega fyrrihluta febrúar. En eins og við þekkjum er um tvö konar friðlýsingu að ræða, annars vegar af hálfu Umhverfisstofnunar og hins vegar af Minjastofnun. Síðarnefnda stofnunin hefur boðað kynningarfund 10 febrúar nk.

Unnið er að undirbúningi göngubrúar yfir Þjórsá við Þjófafoss. Sótt verður um framkvæmdaleyfi til þess verkefnis á næstunni. Útboð er í undirbúningi og líklegt er að mannvirkið rísi á næsta hausti.

Aðalskipulagið er að verða vonandi að komast í gildi innan fárra daga. Verður það mikill léttir þegar stimpillinn kemur á það.

Fjármálin voru mun þyngrri á síðasta ári en árinu þar á undan. Enda mikil fjárförf vegna framkvæmda og málaflokka. Ég skal ekki segja um rekstrarniðurstöðu síðasta árs. En það ljóst að hún verður mun lakari en árið 2018.

Það eru breytingar í farvatninu varðandi starfsmannamál. Auglýsing um laus störf fer í blöð þessa dagana. Annars vegar er auglýst eftir umsjónarmanni með félagsheimilinu í Brautarholti í hlutastarf. En Ágúst Guðmundsson sagði því starfi lausu. Hins vegar er auglýst er eftir manneskju í starf aðalbókara og launfulltrúa. Um hlutastarf getur verið að ræða fyrst um sinn. En lagt er upp með að sú manneskja sem ráðin verður muni taka við af Þuríði. En aðstæður eru nokkuð sérstakar um þessar mundir hjá okkur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi að mikil breyting er framundan í stafsmanahaldi á skrifstofu. Auk Dúddu mun Kristjana láta af störfum í síðasta lagi í lok þessa árs vegna aldurs. Þar að auki mun Ari Einarsson verkstjóri í áhaldahúsi láta af störfum sem launþegi í byrjun næsta mánaðar



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

einnig vegna aldurs. Ari mun samt sem áður annast skólaakstur og matarakstur sem verktaki áfram um óákveðinn tíma. Bjarni Jónsson er að taka við þeim verkefnum sem Ari hefur annast að öðru leyti ásamt sorpbjónustuumsjón. Þessar manneskjur eiga allar langan starfsferil að baki hjá sveitarfélaginu og má segja að þau hafi skipað að hluta til framlínuna.

Fjöldi íbúa um nýliðin áramót var 609. Það þýðir að íbúum hér hefur fækkað um 17 á árinu 2019. Ekki er gott að ráða í hvort fjölgunar eða fækkunar er von á nýbyrjuðu ári. Nokkuð er enn af skráðum íbúum í vinnubúðum í Búrfelli sem líklega munu vera á förum héðan. Á móti kemur að talsvert er af íbúðarhúsnæði í byggingu í báðum þéttbýliskjörnum. Það gefur væntingar um nýja íbúa.

Kristófer Tómasson sveitarstjóri